

Tillaga að lagabreytingu vegna ungmennastarfs

Lögð fram á aðalfundi Rauða krossins á Íslandi 9. maí 2026

Flm: Ingibjörg Ásta Bjarnadóttir, Salvör Ísberg, Árný Alda Ásgerisdóttir, Magnea Gná Jóhannsdóttir, Ólöf Rún Pétursdóttir, Selma Rebekka Kattoll, Steinar Bragi Sigurjónsson.

Tillagan:

X grein: Ungmennaráð og kosning þess

- Halda skal ungmennaping á tveggja ára fresti. Rétt til setu á ungmennapingi hafa allir félagar í Rauða Krossinum á Íslandi sem eru undir 35 ára aldri.
- Ungmennaráð Rauða krossins er kosið til tveggja ára í senn á ungmennapingi Rauða krossins. Rétt til framboðs og setu í ungmennaráði eiga félagar í Rauða krossinum sem eru á aldrinum 16-35 ára.
- Ungmennaping kýs formann. Ungmennaráð kýs varaformann á fyrsta stjórnarfundum ráðsins að loknu ungmennapingi. Formaður ungmennaráðs á rétt til setu sem áheyrnarfulltrúi á stjórnarfundum. Forfallist formaður á varaformaður sem er staðgengill hans rétt á setu á stjórnarfundum Rauða krossins.
- Formaður ungmennaráðs á rétt á setu á formannafundi Rauða krossins. Ungmennaráð hefur rétt á að senda tvo áheyrnarfulltrúa á formannafund Rauða krossins.
- Nánar er kveðið á um skipan, hlutverk, ábyrgð, framboð og störf ungmennaráðs í verklagsreglum sem ungmennaping samþykkir og stjórn RKÍ staðfestir.

Greinargerð:

Ungmennaráð Rauða krossins á Íslandi leggur hér fram tillögu að lagabreytingu með það að markmiði að skýra umgjörð ungmennastarfs innan félagsins og festa það sem grundvallarþátt í starfsemi félagsins. Með því að skilgreina ungmennaráð í lögum Rauða krossins á Íslandi er félagið að skuldbinda sig til að efla þátttöku ungs fólks og tryggja að raddir þess fái raunverulegt vægi innan félagsins.

Tillagan byggir á víðtækum lærdómi: reynslu fyrrum fulltrúa URKÍ (ungmennahreyfingu Rauða krossins (1985-2020), samanburði við ungmennaráð Rauða krossins á Norðurlöndum og greiningu á fyrirkomulagi ungmennastarfs hjá öðrum íslenskum félagasamtökum.

Ungmennahreyfing félagsins hefur átt sér langa og mikilvæga sögu. URKÍ starfaði með sér kennitölu sem hafði áhrif á sveigjanleika og getu til að sinna kjarnastarfi. Með nýju fyrirkomulagi er leitast við að læra af þeirri reynslu. Ungmennaráð starfar án sér kennitölu og getur því einbeitt sér að því sem skiptir mestu máli: að virkja ungt fólk, þróa verkefni og styðja við innleiðingu stefnu félagsins.

Ungmennaráð hefur sett sér metnaðarfull markmið: að auka þátttöku ungs fólks sem sjálfbóðaliða, leiðtoga og þjónustunotenda. Frá því að ráðið hóf störf í ágúst 2024 hefur það byggt upp sterk tengsl innanlands og á alþjóðavettvangi, komið að málsvarastarfi og lagt grunn að víðtækri samvinnu við önnur félagasamtök. Nú vinnur ráðið að því að skapa fjölbreytt og aðgengileg tækifæri til sjálfbóðastarfs með þróun nýrra verkefna fyrir ungt fólk

Góður grunnur hefur þegar verið lagður að samstarfi ungmennaráðs og starfsfólks, þar sem starfsfólk veitir ráðinu faglegan stuðning. Þó ekki sé um fullt stöðugildi að ræða til þessa verkefnis, felur lagafesting ungmennaráðs í sér skýra skuldbindingu af hálfu félagsins til að standa með ráðinu og styðja við starf þess til framtíðar.

Ungmennaráð leggur áherslu á virkt samstarf við deildir og sjálfbóðaliða og tryggir fjölbreytni fulltrúa með tilliti til kyns, aldurs, uppruna og búsetu. Lagafesting ráðsins tryggir að þátttaka ungs fólks verði varanlegur hluti af starfsemi félagsins, án þess að setja deildum íþyngjandi skyldur.

Á meðan ungt fólk á aldrinum 18 - 35 ára er burðarás sjálfbóðaliðastarfs Rauða krossins á Norðurlöndunum, er þátttaka þess hóps mun minni hjá Rauða krossinum á Íslandi. Í nóvember 2025 voru 228 af 2.184 sjálfbóðaliðum Rauða krossins ungt fólk, eða um 10%. Í apríl 2024 voru 14 af 96 starfsmönnum félagsins ungt fólk, eða 15%. Þá voru 15 af 202 einstaklingum í stjórnnum deilda og á landsskrifstofu í nóvember 2025 ungt fólk, eða um 7%.

Þessi staða sýnir að hlutfall ungs fólks innan félagsins er lægra en mætti ætla miðað við samfélagið í heild. Í byrjun árs 2025 var um fjórðungur íbúa á Íslandi á aldrinum 13 - 30 ára, eða um 25%. Þar liggur því verulegt sóknarfæri til að auka þátttöku ungs fólks.

Ef vilji er til að byggja upp sjálfbært ungmennastarf sem styður við markmið félagsins til framtíðar, þá þarf skýra umgjörð, raunverulega skuldbindingu og markvissa innleiðingu.

Með því að festa ungmennaráð í lög er verið að senda skýr skilaboð: að þátttaka ungs fólks sé ekki tímabundið verkefni, heldur grundvallarþáttur í starfsemi Rauða krossins á Íslandi.